



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2418
komudagur 13.5.2011

Reykjavík, 13. maí 2011
RMF11050004

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

Umsögn Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar um frumvörp til safnalaga og laga um menningarminjar

Á fundi sínum þ. 5. maí s.l. samþykkti borgarráð að Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar sendi til menntamálanefndar Alþingis umsagnir um frumvarp til safnalaga; 650. mál og frumvarp til laga um menningarminjar; 651. mál, en umsagnirnar verði kynntar ráðinu síðar. Drögin voru lögð fyrir menningar- og ferðamálaráð á fundi þess þ. 9. maí s.l. þar sem ráðið tók undir efnisatriði umsagnarinnar og sviðsstjóra var falið að ganga frá henni í samráði við borgarlögmann.

Eins og fram kom í bréfi borgarlögmanns til nefndarinnar þ. 27. apríl sl. hafði menntamálanefnd einungis sent Borgarbókasafni umsagnarbeiðni um safnalög (en þau taka ekki til bókasafna sbr. 2.gr.), en ekki sent annað til Reykjavíkurborgar/borgarráðs, sem er samþykktaraðili umsagna um lagafrumvörp til Alþingis f.h. Reykjavíkurborgar.

Á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar eru nokkur stærstu söfn landsins á sínu sviði s.s. Minjasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur auk Borgarbókasafns. Forstöðumenn þessara safna, ásamt fagráði þeirra, menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar, töldu ríka ástæðu til koma á framfæri athugasemdum við bæði frumvörpin. Í ljósi þessa fer Menningar- og ferðamálasvið þess vinsamlegast á leit við menntamálanefnd Alþingis að hafa Reykjavíkurborg í huga þegar frumvörp eru unnin er varða menningarmál, þar sem Reykjavíkurborg hefur vissulega sérstöðu meðal sveitarfélaga sem höfuðborg. Mikilvægt er einnig að gefa amk hálfan mánuð til umsagna þar sem þær þurfa bæði að fara fyrir menningar- og ferðamálaráð og borgarráð eftir yfirferð embættismanna.

Hjálögð er umsögnin, en sviðið fékk frest til að skila henni í dag.

Virðingarfyllst, f.h. Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar

Signý Pálsdóttir
skrifstofustjóri menningarmála og staðgengill sviðsstjóra.



UMSÖGN

Viðtakandi: Menntamálanefnd Alþingis, co. Skúli Helgason, formaður

Sendandi: Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Frumvörp til safnalaga og laga um menningarminjar.

Frumvarp til safnalaga.

pskj. 1152 – 650. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Almenn umsögn:

Í frumvarpinu koma fram nokkrar breytingar frá núgildandi safnalögum og nýmæli sem hafa að markmiði að efla og styrkja safnastarf. Tekið er undir þau markmið sem sett eru um samfélagslegar skyldur safna og víðtækari skilgreiningu á menningararfleifi til varðveislu ásamt þeim markmiðum að tryggja aðgang almennings að menningararfinum og að söfnum beri skylda til að miðla upplýsingum um safnkost sinn. Þetta er mjög í samhljómi við áherslur í menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2009-2012, „Menning er mannrækt“. Hins vegar bendir Reykjavíkurborg á að gæta verði þess að ýmis ný ákvæði verði ekki íþyngjandi og leiði af sér aukinn kostnað og skyldur fyrir sveitarfélög.

Athugasemdir:

4. gr. Höfuðsöfn viðurkennd söfn og ábyrgðasöfn

Þar er skilgreindur nýr flokkur safna: ábyrgðarsafn, sem ráðherra getur falið ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði. Sjá athugasemd við 13. grein.

7. gr. Safnaráð

Lagt er að f-lið ákvæðisins verði breytt svo að í stað „að setja skilmála um skráningarkerfi safna“ komi „að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna.“

10. gr. Skilyrði viðurkenningar

Þar segir í 1. lið að eigendur safns skuli tryggja fjárhagsgrundvöll þess, í 2. lið að safn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda og að reikningar skuli áritaðir af löggiltum endurskoðanda og í 3. lið að safn skuli starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest.

Þessi nýmæli gera íþyngjandi kröfur um rekstrarform safna sem rekin eru af sveitarfélögum. Rétt er að benda á að safn sem rekið er af sveitarfélagi lýtur þeim reglum sem það setur stofnunum sínum, m.a. um hvernig fara skuli með rekstrarafgang eða rekstarhalla milli ára. Ef þessi ákvæði laganna þýða að rekstrarafgangur skuli ekki færður út úr rekstri safns gengur það gegn þeim ákvæðum stjórnarskrár og sveitarstjórnarlaga sem tryggja sveitarfélögum sjálfsákvörðunarrétt um málefni sín,

m.a. því hvernig farið er með rekstarafgang og halla stofnana þeirra. Hvað Reykjavíkurborg varðar setur borgarráð söfnum Reykjavíkurborgar samþykktir og rekstrarreikningur safna borgarinnar er hluti af ársreikningi Reykjavíkurborgar sem er áritaður af löggiltum endurskoðendum. Reykjavíkurborg leggst því alfarið gegn þeirri fyrirætlan að söfn borgarinnar þurfi að hafa sjálfstæðan fjárhag til að teljast uppfylla ákvæða laga um viðurkennd söfn. Við það verður ekki unað.

13. gr. Ábyrgðarsöfn

Mikilvægt er að þeim söfnum sem taka að sér að verða ábyrgðarsöfn verði gert kleift að sinna þeim auknu verkefnum sem því hlutverki fylgir. Í því sambandi er algjört skilyrði að ríkisvaldið tryggi eðlilegar fjárveitingar til þeirra safna sem axla aukna ábyrgð og fleiri verkefni. Ef ekki verður tryggt að svo verði er hætta á ábyrgðarsöfnin geti ekki gegnt skyldum sínum og þetta ákvæði laga verði marklaust.

19. gr. Gjaldtökuheimild

Skýrari gjaldtökuheimild þarf fyrir sveitarfélögin en er að finna í þessari grein. Heimildir sveitarfélaganna eiga að vera þær sömu og ríkisins enda eru sveitarfélögin undir sömu kröfum og ríkið varðandi heimildir til innheimtu þjónustugjalda, sbr. það sem verið er að vinna að varðandi öflun gjaldtökuheimildar fyrir almenningsbókasöfnin.

Jafnframt er vakin athygli á því að það er ekki neinn eigandi að sjálfseignarstofnunum. Það felst í hugtakinu sjálfseignarstofnun, stofnunin á sig sjálf, þannig að ef safn er rekið sem sjálfseignarstofnun, þá er enginn eigandi til staðar til að taka ákvörðun um aðgangseyri og aðra gjaldtöku.